

## MATARHLÉ

Helena Sigurðardóttir, grunnskólakennari í Brekkuskóla, var ekki í vandræðum með að finna girnilegar uppskriftir handa lesendum Innanbæjar Krónikunnar.

Kvenfólk hjá Akureyrarbæ heldur áfram að ráða ríkjum í matarhléinu og skorar Helena á Margréti Rún Karlsdóttur, grunnskólakennara í Lundarskóla, að koma með uppskrift í næsta blað.



## MEXIKÓSKT LASAGNA (FYRIR 5-6)

### Hráefni: Aðferð:

5-6 kjúklingabringur  
½ laukur – smátt skorinn  
2 rauðar paprikur – skornar í teninga  
1 askja ferskir sveppir  
1 bréf taco-kryddblanda  
½ lítri matreiðslurjómi  
1 dós salsa/taco-ostasósa  
2 dósir salsasósa (medium/hot)  
Faitaskökur

Kjúklingurinn er skorinn í litla bita, steiktur og kryddaður með taco-kryddblanda.

Grænmetið er skorið niður og steikt á pönnu og sett saman við kjúklinginn. Því næst er rjómanum og salsasósunni hellt saman við. Þessi blanda og faitaskökur eru lagðar til skiptis í eldfast form.

Ostasósunni er smurt ofan á kökurnar í hvert sinn. Ostur er settur ofan á efsta lagið. Bakað í ofni í u.þ.b. 15 mínútur.

Gott meðlæti: Sýrður rjómi, maukaðar lárperur, ferskt salat og taco-flögur.

## FRÖNSK SÚKKULAÐIKAKA

### Hráefni: Aðferð:

200 gr ísl. smjör  
200 gr suðusúkkulaði  
4 egg (helst stofuheit)  
2 dl sykur  
1 dl hveiti  
**Krem:**  
70 gr ísl. smjör  
150 gr suðusúkkulaði  
2 msk. sýrþ  
Allt brætt saman í potti, látið kólna og hellt yfir kökuna. Verði ykkur að góðu!

Smjör og súkkulaði er brætt í potti og látið kólna. Egg og sykur er þeytt vel saman. Hveitinu er svo bætt úti egginn og sykurinn og að lokum er súkkulaðinu og smjörinu hellt saman við. Þetta er svo sett í vel smurt form (ekki með lausum botni) og bakað í 170 gráðu heitum ofni í 30 mínútur.

Gott að borða með þeyttum rjóma eða ís.

## GOTT AÐ VITA

Vert er að minna starfsmenn Akureyrarbæjar á eftirfarandi upplýsingaveitur á vefnum:

Starfsmannavefur Akureyrarbæjar: [www.eg.akureyri.is](http://www.eg.akureyri.is) býður upp á marga möguleika fyrir starfsfólk, t.a.m. að uppfæra persónuupplýsingar, skoða launaseðla og orlofsstöðu, skoða námskeið í boði og skrá sig til þátttöku, skoða reikninga, sem gefnir eru út af Akureyrarbæ, og senda inn ábendingar og/eða athugasemdir.

Starfsmannahandbók Akureyrarbæjar: [www.akureyri.is/starfsmannahandbok](http://www.akureyri.is/starfsmannahandbok), er öllum aðgengileg á heimasíðu Akureyrarbæjar og heldur utan um ýmsar gagnlegar upplýsingar fyrir starfsmenn bæjarins, m.a. um réttindi þeirra og skyldur, starfsemi bæjarins svo fátt eitt sé nefnt.



Fyrsti skóladagurinn í Naustaskóla.



www.akureyri.is  
**Akureyri**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

Útgefandi: Akureyrarbær

Ritstjóri: Ragnar Hólm Ragnarsson

Ritnefnd: Friðný Sigurðardóttir, Kristjana Kristjánsdóttir,  
Ragnar Hólm Ragnarsson og Samúel Jóhannsson.

Netfang: [akureyri@akureyri.is](mailto:akureyri@akureyri.is)

Hönnun og umbrot: Still - Prentun: Ásprent

# Innanbæjar KRÓNÍKA

5. töl. 4. árg. STARFSMANNAFRÉTTIR AKUREYRARBÆJAR September 2009



Hressar og kátar stelpur sem tóku þátt í verkefninu „Skapandi sumarstörf“.

## Vel heppnuð átaksverkefni

Á þessu ári hafa rúmlega 30 einstaklingar unnið ýmis störf í svokölluðu átaksverkefni Akureyrarbæjar og Vinnumálastofnunar. Þegar ljóst var að staða á vinnumarkaði myndi þrengjast til muna síðasta haust, voru teknar frá 25 m.kr. á fjárhagsáætlun þessa árs til þess að skapa verkefni fyrir fólk í atvinnuleit. Stofnanir bæjarins og frjáls félagasamtök sem hafa daglegan rekstur, geta sótt um það til Vinnumálastofnunar að fá til sín fólk af atvinnuleysisískrá í ýmis verkefni. Sá sem valinn er til starfa tekur með sér atvinnuleysisbætur sínar en Akureyrarbær greiðir það sem upp á vantar til að úr verði full laun. Afar fjölbreytt verk hafa verið unnin með þessu móti síðustu mánuðina. Má þar nefna grisjun í Kjarnaskógi, akstur ferðamannarútu, skapandi sumarstörf, flokkun tímarita og bóka, markaðsáætlun fyrir Hlíðarfjall og smíðavinnu hjá siglingaklúbbnum Nökkva.

Vert er að vekja sérstaka athygli á því að ennþá er hægt að sækja um verkefni í sjóðinn og geta félagasamtök og bæjarstofnanir sent inn umsóknir til Akureyrarstofnu sem heldur utan um verkefnið.

## GAMLA MYNDIN



Nú spyrjum við: **Hvar er myndin tekin og þekkir einhver mennina á myndinni?** Nóg er að senda okkur upplýsingar um það í hvaða fyrirtæki myndin var tekin en allar upplýsingar um þá sem eru á myndinni væru vel þegnar. Sendið okkur svar sem fyrst á netfangið akureyri@akureyri.is. Dregið verður úr innsendum svörum og heppinn lesandi fær geisladiskinn Gullperlur með Björgu Þórhallsdóttur í verðlaun.

Síðast spurðum við um glæsilegan bílstjóra og birtum mynd af honum stoltum við bifreiðina A 50. Kannski var það vegna sumarleyfa að afskaplega fá svör bárust við spurningunni um það hver maðurinn væri en Brynja Björk Pálsdóttir sendi þó inn rétt svar: Myndin var af Gísla Ólafssyni sem lengi var yfirlöggregluþjónn á Akureyri.

Myndagetraun Innanbæjarkrónikunnar er unnin í góðu samstarfi við ljósmyndadeild Minjasafnsins á Akureyri.



„Sólin brosir með hjartanu og það gerum við líka.“  
-Starfsmenn sorphirðu Akureyrbæjar

## MOLAR



### Kennsla hafin í Naustaskóla

Kennsla hófst í hinum nýja Naustaskóla miðvikudaginn 26. ágúst. Unnið var hörðum höndum að því að gera allt klárt fyrir fyrsta skóladag og voru smiðir enn á þönum um húsið þegar krakkarnir mættu í fyrstu tímana. Alls munu um 150 nemendur sækja skólann þessa fyrstu önn í 1.-7. bekk en einnig hefur leikskólinn Naustatjörn fengið afnot af stofu á fyrstu hæð hússins þar sem heitir Fífilbrekka.

### Árangur í sparnaði

Í byrjun janúar 2009 sendi bæjarstjóri út tilmæli til stjórnenda um sparnað varðandi kaup á búnaði, akstur, dagpeninga, yfirvinnu og fleira. Skemmt er frá því að segja að góður árangur í sparnaði hefur náðst eftir að þessi tilmæli voru send út. Tölulegar upplýsingar sýna okkur til að mynda að miðað við sama tíma í fyrra hefur yfirvinnutímum fyrstu sex mánuði ársins fækkað um liðlega 15% og ferðakostnaður í öllu bæjarkerfinu hefur lækkað um rúm 45% á sama tíma. Þetta er góður árangur sem ber að þakka starfsfólki fyrir. Þetta þarf líka að halda til lengri tíma og munum að betur má ef duga skal!

Hermann Jón Tómasson,  
bæjarstjóri.

## HVAÐ ERTU AÐ GERA?



Ragna Kristjánsdóttir með Kolbrúnu Bjarkeyju og Benjamín Kára í Kvannahlaupinu 2009.

**Að þessu sinni situr Ragna Kristjánsdóttir í bókhaldsdeild bæjarins fyrir svörum en Ragna vinnur við að fara yfir og bóka reikninga, útbúa ýmsar millifærslur, afstemmingar á reikningum, m.a. bankareikningum ofl. Hvernig er hin hliðin á Rögnu?**

**Hvaðan ertu?** Ég er frá Akureyri.

**Fjölskylduhagir?** Ógift.

**Helstu áhugamál?** Ferðalög og ýmis útivera, m.a. fjallaferðir, gönguferðir, sund og fleira. Síðan er það samveran með fjölskyldunni og vinum.

**Hvaða bók lastu síðast og var hún góð?** Myrká eftir Arnald Indriðason. Já, hún var ágæt.

**Uppáhaldstónlist?** Get eiginlega ekki valið. Flest tónlist höfðar til mín, ljúf og róleg tónlist er þó í uppáhaldi.

**Uppáhaldsmatur?** Lambakjötið stendur alltaf fyrir sínu.

**Hvað finnst þér best við að búa á Akureyri?** Hæfilega stór bær, gott mannlíf og stutt í alla útiveru.

**Hvernig væri hægt að gera góðan bæ betri?** Það mætti t.d. bæta aðstöðu fyrir hjólréiðafólk.

**Er Guð til?** Já.

**Kreppuráð?** Endurskoða ýmsar neysluvenjur hjá sér.